

## Erindisbréf fyrir innkauparáð Hafnarfjarðarkaupstaðar - DRÖG

Umboð

1. gr.

Innkauparáð Hafnarfjarðarkaupstaðar starfar í umboði bæjarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu og eftir því sem lög mæla fyrir um. Ráðið skal haga störfum sínum í samræmi við innkaupastefnu og innkaupareglur Hafnarfjarðarkaupstaðar, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar auk laga um opinber innkaup nr. 120/2016, ög-laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

ÁHlutverk og ábyrgð

2. gr.

~~Innkauparáð vinnur að stefnumótun, samræmingu og eftirliti með innkaupastarfsemi Hafnarfjarðarkaupstaðar og gerir tillögur til bæjarráðs eftir því sem við á. hefur yfirumsjón með framkvæmd og samræmingu innkaupa og eflingu innkaupabekkingar hjá sveitarfélaginu, auk þess sem það hefur eftirlit með að svið, deildir og stofnanir fylgi innkaupastefnu og innkaupareglum sveitarfélagsins.~~

~~Ráðið ber ekki ábyrgð á daglegri framkvæmd innkaupa. Dagleg framkvæmd, þarfagreining, fjárheimild, rökstuðningur, tilboðsmat og gögn vegna viðkomandi innkaupa eru á ábyrgð viðkomandi sviðsstjóra, forstöðumanns eða annars ábyrgðaraðila sem hefur heimild til að stofna til útgjalda.~~

~~Innkauparáð ber ábyrgð á innkaupum sem heyra undir fleiri en eitt svið. Jafnframt skal innkauparáð taka þátt í að samræma innkaup sveitarfélagsins þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins hafa almenn not fyrir.~~

~~Innkauparáð skal móta stefnu í innkaupamálum Hafnarfjarðarkaupstaðar og gera tillögur að endurskoðun hennar, taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs hvað varðar verksvið þess. Ráðið tekur til meðferðar tillögur um nýjungar og breytingar á stefnu í innkaupamálum.~~

~~Innkauparáð sveitarfélagsins ber ábyrgð á að innkaupareglur þess verði uppfærðar þegar þörf krefur. skal gera tillögur um innkaupastefnu sveitarfélagsins og endurskoðun hennar, hafa forgöngu um þróun innkaupareglna og leggja til breytingar þegar þörf krefur og fylgjast almennt með þróun í opinberum innkaupum og leggja til umbætur.~~

~~Verkefni~~

~~3. gr.~~

~~Innkauparáð veitir aðstoð og er til ráðgjafar um innkaup sveitarfélagsins. Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við innkaupastefnu sveitarfélagsins og skilgreinir~~

mælikvarða til að meta árangur. Það fylgir markmiðum eftir og metur framkvæmd þeirra, auk þess sem ráðið sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga.

Að höfðu samráði við innkauparáð er heimilt að viðhafa aðrar innkaupaaðferðir sem lýst er í IV. kafla laga um opinber innkaup sé það talið líklegra til árangurs og það verður talið samrýmanlegt lögunum og innkaupareglum sveitarfélagsins.

Innkauparáði er heimilt að veita undanþágu frá verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður eða þjónusta fæst eingöngu hjá einum aðila. Skulu slíkar undanþágur vera í samræmi við lög um opinber innkaup.

Innkauparáð skal veita ráðgjöf í innkaupamálum, setja fram fræðsluáætlun í innkaupamálum til að efla fræðslu þekkingu og færni starfsfólks á sviði innkaupa og - stuðla að samræmingu verklags við innkaup.

Innkauparáð skal fjalla um tillögur að nýjum innkaupaaðferðum og gera tillögur um innleiðingu þeirra í samræmi við lög, Jafnframt skal ráðið gera tillögur til bæjarráðs um veitingu undanþága frá innkaupareglum þegar heimilt er samkvæmt lögum, fjalla um niðurstöður stærri innkaupaferla og gera tillögur til bæjarráðs eftir atvikum.

Innkauparáð skal setja árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í innkaupamálum og skilgreinir mælikvarða til að meta árangurinn. Innkauparáð skal fylgja markmiðunum eftir, meta hvernig til hefur tekist við að framfylgja stefnunni og sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga. Innkauparáð skal árlega skila bæjarráði skýrslu um árangur í innkaupamálum.

### Eftirlitsúrræði

#### 3. gr.

Innkauparáð skal yfirfara allar upplýsingar og yfirlit sem ráðinu berast og beina athugasemdum og ábendingum um það sem betur má fara til sviðsstjóra og/eða eftir atvikum viðkomandi fagráðs. Innkauparáð getur óskað eftir nánari upplýsingum eða skýrslumskýringum um innkaup frá öllum sem fara með innkaup fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar eða stofnana hans.

Að loknu innkaupaferli yfir viðmiðunarfjárhæðum laga um opinber innkaup, stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru á grundvelli þeirra og/eða innkaupareglna Hafnarfjarðar skal kaupandistjórnandi eða starfsmaður sem ber ábyrgð á viðkomandi innkaupum leggja rökstudda tillögu um val á samningsaðila eða höfnun á öllum tilboðum fyrir innkauparáð til samþykktar.

### Meðferð kvartana

#### 4. gr.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á rétti sínum hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála hjá Hafnarfjarðarbæ sé ábótavant, en málið heyrir ekki undir kærunefnd útboðsmála, er þeim ~~ætið~~ heimilt að beina erindi þar um til innkauparáðs. Kvörtun skal berast innkauparáði skriflega innan 20 daga frá því kvartandi vissi eða mátti vita um ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi, sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. **Innkauparáð skal leggja mat á málið og gera tillögur til bæjarráðs um viðbrögð ef þurfa þykir.** Varði kvörtun ákvörðun innkauparáðs skal innkauparáð vísa henni áfram til bæjarráðs ásamt umsögn ráðsins.

#### Skipan

##### 45. gr.

Innkauparáð skal skipað ~~fimm~~ kjörnum fulltrúum ~~sveitarfélagsins~~ og ~~jafnmarga~~ jafnmörgun til vara. ~~—a—~~Auk þess starfa ~~fjármálastjóra~~~~fjármálastjóri~~ ~~—sviðsstjóri~~ ~~fjármálasviðs~~ og ~~innkaupastjóra~~~~deildarstjóri~~ ~~innkaupadeildar~~ Hafnarfjarðar með ~~ráðin~~~~unefndinni~~ og ~~sviðsstjóra~~ ~~umhverfis~~ og ~~skipulagssviðs~~. Bæjarráð skipar formann ráðsins. Ráðið kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Þóknanir kjörinna fulltrúa fyrir setu í ráðinu skulu vera í samræmi við þóknanir í fastanefndum (Íþróttá- og tólmstundanefnd, menningar- og ferðamálanefnd) eins og þær eru fram settar í reglum um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

#### Boðun funda og fundarsköp

##### 56. gr.

Innkauparáð heldur að jafnaði ~~tvöeinn~~ fundi ~~í mánuði~~ ~~á tveggja vikna fresti~~. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk tveggja fulltrúa í ráðinu um fund ber að verða við því. Fella má niður fundi í ~~alls~~ ~~allt~~ ~~að~~ tvo mánuði að sumarlagi og þegar engin erindi liggja fyrir ráðinu.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. ~~Reglulegir fundir~~ ~~Fundir~~ skulu boðaðir með a.m.k. ~~tveggja sólarhringasólarhrings~~ fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. ~~Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.~~ ~~Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.~~

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skytt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp, ályktunarhæfi, atkvæðagreiðslur og fundargerðir fer samkvæmt samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Formaður ráðsins stýrir fundum þess. Ráðsfundi skal að jafnaði halda fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað sviðsstjóra og aðra stjórnendur til fundar við sig og óskað skýringa á innkaupum. Ráðið getur einnig kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Enn fremur getur ráðið boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

~~Þau~~ ~~er~~ sem sitja fundi ráðsins skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau málefni sem rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum.

Fundargerð ráðsins er rituð rafrænt samkvæmt ákvæðum þar um í samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hvenær honum er slitið. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir og skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina.

#### Gildistaka

##### 7. gr.

Erindisbréf þetta er sett á grundvelli samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar og öðlast gildi við samþykkt bæjarráðs.

Samþykkt á fundi bæjarráðs þann ~~25. Febrúar~~~~9~~~~XX.~~ júní-júlí ~~2021~~2026